

til greiðsludags, fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna skipsins svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 181.00.

Ennfremur verður að taka til greina kröfu stefnanda um sjóveðrétt í e. s. „Pétursey“ G. K. 6 fyrir upphæðum þessum, þar sem fyrir liggur undirskrifuð yfirlýsing skipstjóra skipsins um að hann hafi pantað og tekið við kolum fyrir framangreinda upphæð og úttektin hafi verið nauðsynleg til framhaldsferðar skipsins.

Miðvikudaginn 11. marz 1936.

Nr. 122/1935. Réttvísín (Lárus Jóhannesson)
gegn

**Finnboga Finnbogasyni og Willum
Jörgen Andersen**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn ákvæðum 201. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 19. ágúst 1935: Ákærður, Finnbogi Finnbogason, sæti 15 daga einföldu fangelsi. Ákærður, Willum Jörgen Andersen, sæti 30 daga samskonar fangelsi. Fullnustu refsingar beggja skal frestað og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa ef skilorð laga nr. 39 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar að hálfu hvor þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns þeirra í málinu, Valdimars Stefánssonar, lögfræðings, kr. 60.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, hafa hinir ákærðu ekki gætt þeirrar skyldu, sem á mönnum hvílir til þess að koma mönnum, stöddum í lífsháská, til hjálpar. Þykir refsing þeirra hæfilega á-

kveðin, samkvæmt 201. gr. almennra hegningarlaga, þannig: Ákærða Finnboga Finnbogasonar 300 króna sekt til ríkissjóðs, óskilorðsbundin, og afplánist sektin með 20 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og Willum Jörgen Andersen 35 daga einfalt fangelsi, einnig óskilorðsbundið.

Svo verður að dæma hina ákærðu til þess að greiða in solidum allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns þeirra í héraði og máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Finnbogi Finnbogason greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Willum Jörgen Andersen sæti 35 daga einföldu fangelsi.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, cand. jur. Valdimars Stefánssonar, 60 krónur, og máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn þeim Finnboga Finnbogasyni, skipstjóra, til heimilis Njarðarstig 3, og Willum Jörgen Andersen, skipstjóra til heimilis Hásteinsveg 6, báðum hér í bænum, fyrir brot gegn 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru eftir því, sem upplýst er í málinu, sem hér segir.

Sunnudaginn þann 22. apríl 1934 að kvöldi, kom v/b. Veiga V.E. 291, sem ákærður, Finnbogi Finnbogason, var þá skipstjóri á úr fiskróðri og var ákærði þá sjálfur við stjórn skipsins. Er nefnt skip var þá að sigla með fram „Yztakletti“ áleiðis til hafnar hér, rakst það á v/b. Brimil, V.E. 278, sem kom sunnan að (þ. e. frá höfninni hér) á móti v/b. Veigu og sökk v/b. Brimill við áreksturinn eða rétt strax eftir hann, og maður að nafni James White Halldórsson, sem var í þeim bát, er áreksturinn varð, drukknaði, en aðrir voru þá eigi í þeim bát, er áreksturinn varð, eftir því sem upplýst er í málinu. Eftir að áreksturinn varð dvaldi ákærður Finnbogi Finnbogason á v/b. Veigu, um stund á árekstrarsvæðinu, til þess að aðgæta hvort mögulegt yrði að bjarga fyrr nefndum manni, sem var í v/b. Brimli (eða þeim, er kynnu að hafa verið í honum) en árangurslaust og hélt hann því næst áfram inn á höfn og fór því næst til sóknarprestsins hér, séra Sigurjóns Árnasonar, að Ofanleiti, og skýrði honum frá slysinu.

Það hefir ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að ákærður Finnbogi Finnbogason, hafi viljandi orðið valdur að árekstri þessum eða að dauða James Halldórssonar og virðist engin ástæða til að ætla að svo hafi verið og er þá að athuga hvort ástæða þykir til að álita eða telja sannað, að árekstur þessi og dauði fyrrnefnds manns hafi hlotizt af gáleysi ákærðs.

Ákærður (F. F.) hefir sjálfur skýrt frá aðdraganda slyssins sem hér segir.

Hann kveðst hafa komið á móts við Eiði um kl. 10 framangreint kvöld og haldið því næst sem leið liggur austur úr Faxasundi með hægri ferð. Snjócoma hafi verið mikil er hann kom á móts við Eiði, en er kom austur úr

Faxasundi hafi birt í lofti og minnkað snjócoma, og er hann kom austur úr Faxasundi hafi hann séð þrjú skip, sem öll sigldu á móti skipi ákærðs og hafi hann séð hin rauðu hliðarljós þeirra allra til bakborða frá v/b. Veigu og hafi tvö af skipum þessum verið færeyskar fiskiskútur, en hið þriðja hafi verið vélbátur er reyndist vera v/b. Brimill og kveður hann vélbát þennan hafa siglt svo nærri landi (eynni), að ákærður kveðst hafa orðið að sigla svo nærri „Yztakletti“, sem unnt var til þess að hafa rétta stefnu gagnvart bát þessum (þ. e. séð hið rauða hliðarljós hans til bakborða frá skipi sínu). En skúturnar kveður hann hafa siglt mikið dýpra af eynni, en bátinn. Hann kveður bátinn hafa verið nokkuð norðan við Klettsnef, er hann (ákærður) sá hann fyrst. Hann kveðst svo hafa siglt áfram um stund meðfram klettunum (Yztakletti) þannig að hann sá ætíð hið rauða hliðarljós vélbátsins, til bakborða frá Veigu, en kveðst ekki hafa aðgætt hvaða stefnu hann sigldi eftir áttavita, vegna þess hve nærri landi hann var og sá ætíð land. En er v/b. Brimill var kominn hér um bil á móts við v/b. Veigu (til bakborða) kveður ákærður hann hafa snúið snögglega upp að klettunum (að því er virðist til bakborða) þannig að ákærður sá þá hið græna hliðarljós hans (stjórnborðsljósið) og stefnt beint fyrir stefni v/b. Veigu og kveður ákærður v/b. Veigu þá hafa verið svo nærri klettunum, að honum virtist ekki vera nema 2—3 bátslengdir þangað og því eigi unnt að snúa v/b. Veigu til stjórnborða til að reyna að forðast árekstur og kveðst ákærður þá hafa snúið skipinu til bakborða til þess að reyna að forðast árekstur, en kveður vélbátinn, sem hann þekkti þá að var v/b. Brimill, á sama augnabliki hafa lent undir stjórnborðskinnung v/b. Veigu og kveðst ákærður gera ráð fyrir, að framstefni v/b. Veigu muni hafa rekizt á afturenda v/b. Brimils og Brimill við það snúizt að stjórnborðskinnung „Veigu“, en hann kveðst þó ekki hafa séð framstefni Veigu rekast þannig á Brimil né heyrt eða fundið árekstur, fyrr en er Brimill lenti undir kinnung v/b. Veigu. Hann kveður Brimil því næst hafa flotið aftur með stjórnborðssiðu v/b. Veigu á bakborðshliðinni, þannig að hann kveðst hafa séð stjórnborðshliðarljós „Brimils“ (græna ljósið), þar til Brimill var kominn aftur fyrir „Veigu“, en kveður það þá

hafa verið horfið og kveður Brimil hafa verið sokkinn er hann hafi snúið Veigu við eftir áreksturinn. Hann kveðst engan mann hafa séð í sjónum eftir áreksturinn, en kveðst hafa heyrt hrópað tvisvar (án þess þó að heyra nein orð) og kveðst hann álíta að þau hróp hafi verið frá James White Halldórssyni, sem hann frétti síðar að hefði verið (einn) í v/b. Brimli, er áreksturinn varð. Ákærður kveðst því næst hafa haldið kyrru fyrir á árekstrarsvæðinu um stund, eftir áreksturinn og heldur hann fram að það hafi verið næstum því klukkutími, sem hann var þar, að honum virtist og kveðst því næst hafa haldið inn á höfn og komið þangað um kl. 11½ um kvöldið, en kveðst þó ekki hafa gætt á klukku þá né á árekstrarstaðnum. Hann kveðst svo strax hafa farið í bifreið að Ofanleiti, til þess að hitta sóknarprestinn og skýra honum frá slysinu og kveðst hann hafa séð klukku, er hann kom þar inn, og hafi hana þá vantað 23 mín. í 12. Hann kveðst sjálfur hafa verið við stýrið á v/b. Veigu, allan tímann frá því hann sá v/b. Brimil og þar til áreksturinn varð.

Ákærður kveðst ekki hafa reynt að setja v/b. Veigu aftur á bak eða stöðva ferð hennar, er hann sá v/b. Brimil snúa fyrir stefnið á Veigu og kveðst ekki hafa gert það vegna þess að annar vélbátur v/b. Herjólfur, hafi verið mjög skammt fyrir aftan „Veigu“. Hann kveður vind hafa verið nokkuð mikinn og vaxandi er slysið varð, sjó ekki mikinn, en þó talsverð kvika en þó vel fært fyrir venjulega vélbáta.

Á v/b. Veigu voru ekki uppi á verði, er slysið varð, aðrir en vélstjórinn Guðni Marius Finnbogason bróðir ákærða, sem var í stýrishúsinu hjá ákærðum, næst áður og er slysið varð og hefir nefndur Guðni Finnbogason verið yfirheyrður sem vitni í málinu og hefir hann borið að hann hafi verið uppi í stýrishúsinu á v/b. Veigu hjá ákærðum (F. F.), sem var þar einnig, er þeir sáu fyrst land og kveðst hann því næst hafa farið niður í vélarrúmið til þess að athuga vélina og verið þar ca. 3 mínútur og komið því næst upp í stýrishúsið aftur og staðið þar þar til eftir að áreksturinn varð. Hann kveðst hafa séð v/b. Brimil, er Veiga var komin austur úr Faxasundi og kveðst hann allra fyrst hafa séð bæði stjórnbörðs- og bakbörðshliðarljósín (græna og rauða ljósið) á þeim bát, en á-

kærður, Finnbogi Finnbogason, hafi þá beygt til stjórnborða og kveðst vitnið aðeins hafa séð bakborðshliðarljósið (rauða ljósið), eftir það þar til rétt áður en áreksturinn varð, að rauða ljósið hafi horfið en græna ljósið (stj.b.lj.) hafi sést og umræddur vélbátur hafi færst beint upp að Yztakletti og fyrir stefnið á v/b. Veigu og kveðst vitnið hafa séð græna ljósið á honum hverfa fyrir stefnið á v/b. Veigu en þá um leið hafi áreksturinn orðið og hafi Brimill lent undir stjórnborðskinnung Veigu, en hafi fljótlega losnað þaðan og komizt á réttan kjöl og hafi ákærður snúið Veigu til bakborða, strax er hann sá græna ljósið á Brimli.

Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Þar eð aðrir en ákærður og framangreint vitni, voru ekki uppi við á Veigu er áreksturinn varð, né næst á undan, gátu ekki aðrir af skipshöfninni borið um hversu áreksturinn bar að höndum og þeir sem yfirheyrdir hafa verið í málinu af skipshöfn v/b. Herjólfs, sem fór fram hjá Veigu rétt strax eftir að áreksturinn varð, gátu ekki borið neitt nákvæmlega um þetta og hefir ekkert komið fram í málinu er hnekki framangreindri skýrslu ákærðs og fyrrnefnds vitnis, sem eru samhljóða í öllum aðalatriðum.

Vitnið, Pétur Guðmundsson, er var háseti á v/b. Herjólfu og var á þilfari þess báts, er hann fór fram hjá v/b. Veigu eftir áreksturinn, hefir að visu borið, að Veiga hafi snúið til stjórnborða eftir áreksturinn, en samkv. öðru því, sem upplýst er í málinu, þar á meðal í framburði nefnds vitnis sjálfs, virðist sá framburður vitnis þessa ekki geta staðizt.

Þar eð framangreindum framburði ákærðs og vitnisins Guðna Mariusar Finnbogasonar, hefir þannig eigi verið hnekkt og þ. e. sá framburður þeirra þykir eigi á neinn hátt ósennilegur, þykir verða að leggja hann til grundvallar við dóm í málinu og er þá að athuga hvort ákærður geti talizt hafa farið á nokkurn hátt gálauslega að, samkv. því, sem þannig er upplýst í málinu.

Rétturinn verður að líta svo á, að ekki muni hafa haft neina þýðingu, eftir því sem á stóð, vegna þess hve fljótt áreksturinn bar að höndum, þó ákærður hefði látið stöðva vél bátsins eða reynt að láta hann fara aftur á bak, er á-

kærður varð þess var, að Brimill hafði beygt fyrir stefnu v/b. Veigu og virðist því eigi hafa verið um annað að ræða, til þess að reyna að forðast áreksturinn eða draga úr afleiðingum hans, en að snúa v/b. Veigu strax, sem mest til bakborða, eins og ákærður gerði og verður því samkv. því sem upplýst er í málinu á framangreindan hátt, að telja, að ákærður hafi ekki á nokkurn hátt farið gálauslega að við umrætt tækifæri. En þó eigi yrði talið nægjanlega sannað, að ákærður hafi, er áreksturinn varð og næst á undan (svo og v/b. Brimill), hagað sér eins og ákærður og framangreint vitni hafa borið, þá yrði þó hinsvegar alls eigi talið sannað, að ákærður hafi valdið árekstrinum eða dauða James White Halldórssonar með gáleysi og verður ákærður því eigi talinn sekur um brot gegn 200. gr. hegningarlaganna.

Þá er að athuga hvort ástæða þyki til að telja, að ákærður hafi brotið gegn 201 gr. hegningarlaganna þ. e. hvort hann hafi vanrækt að gera nokkuð, sem unnt hafi verið að gera til þess að bjarga James White Halldórsyni, eftir að áreksturinn varð og hann var kominn í lífsháska.

Að framan er lýst framburði ákærðs sjálfs um það, sem hann varð var við viðvikjandi Brimli og manni þeim, er í honum var, eftir áreksturinn.

Vitnið Guðni Marius Finnbogason hefir borið, að hann hafi eigi séð neinn mann í sjónum eftir áreksturinn, en kveðst hafa heyrt hróp eða vein í sjónum, einu sinni eftir að Veiga hafi snúið við, en vitnið kveðst þá ekki (þ. e. er hann heyrði hrópið) hafa séð Brimil á floti og álitur að hann hafi þá verið sokkinn, en hann kveðst áður hafa séð Brimil fljóta aftur með Veigu og aftur fyrir hana eftir áreksturinn og komast á réttan kjöl, en hafi svo horfið, þ. e. ljós hans og telur vitnið, að hann muni hafa sokkið er ljósin hurfu, þ. e. ljósin horfið vegna þess. Vitni þetta kveður ljós hafa verið í stýrishúsi Brimils, er hann var að fljóta aftur með Veigu og kveðst þá hafa séð mann í stýrishúsinu, sem hann kveðst þó ekki hafa þekkt.

Vitnið Ísak Árnason, háseti á v/b. Veigu, sem var niðri í hásetaklefa er áreksturinn varð, en kom þá upp, kveðst hafa, er hann var kominn upp á þilfarið, séð ljósglampa

á sjónum á að gizka þrjár bátslengdir frá Veigu landmegin við hana, og heyrði kallað þar. Hann kveðst hafa séð glampa þennan tvisvar til þrisvar sinnum og hafi hann því næst horfið. Hann kveðst aldrei hafa séð mann í sjónum né á Brimli, en kveðst aðeins hafa séð svarta þústu á sjónum, þar sem Brimill var.

Aðrir er voru á v/b. Veigu við umrætt tækifæri, sáu ekki eða urðu á neinn hátt varir við mann í sjónum, eftir áreksturinn, né gátu borið neitt um hve langt muni hafa liðið þar til Brimill sökk, eftir áreksturinn.

Pétur Guðmundsson, háseti á v/b. Herjólfur, sem fór fram hjá v/b. Veigu strax eftir umræddan árekstur, hefir borið að hann hafi, er Herjólfur var alveg nýkominn fram hjá Veigu, séð mann á floti í sjónum, við afturkinnung Herjólfss stjórnborðsmegin, í birtunni frá afturljósi Herjólfss, á að gizka 20 faðma frá bátnum, heldur nær klettunum en Herjólfur var. Hann kveðst hafa heyrt tvisvar til manns þessa með 1—2 mínútna millibili og kveðst hafa séð hann í seinna skiptið, er hann kallaði, kveðst hafa séð á höfuð hans og herðar, en hann hafi snúið andlitinu frá vitninu og kveðst vitnið hafa sagt skipstjóranum á v/b. Herjólf, ákærðum Willum J. Andersen, frá þessu og hefir hann borið að hann hafi kallað yfir til þeirra, sem voru á v/b. Veigu og sagt þeim frá þessu, en ekki er upplýst um það í málinu hvort ákærður Finnbogi Finnbogason eða aðrir á v/b. Veigu, heyrðu það, né um hvort vitnið Guðni M. Finnbogason og Ísak Árnason, sögðu ákærðum frá því, sem þeir heyrðu til manns í sjónum, en líklegt má telja að, að minnsta kosti hafi Guðni Marius, sem var í stýrishúsinu hjá ákærðum sagt honum frá því.

Samkvæmt framangreindum framburði, virðist James White Halldórsson, hafa komizt út úr v/b. Brimli, áður en hann sökk og hafi verið á floti í sjónum eitthvað eftir það og að minnsta kosti hafði ákærður (F. F.) fyllstu ástæðu til þess að ætla að svo væri og virðist hafa álitnið það, og bar honum því skylda til að gera og láta gera allan mögulegar ráðstafanir til þess að reyna að bjarga mannum.

Samkvæmt framburði fyrrnefnds Ísaks Árnasonar, náði hann og aðrir hásetar á v/b. Veigu í bjarghring og krókstjaka, þegar eftir áreksturinn, — til þess að nota við björgun, ef þeir sæu mann í sjónum og kæmst svo nálægt

honum, að unnt væri að koma slíkum bjargtækjum við, sem eigi varð og ákærður Finnbogi Finnbogason hefir borið, að hann hafi látið Veigu sveima á árekstrarsvæðinu næstum klukkutíma eftir áreksturinn, til þess að gæta að hvort nokkur maður (eða menn), væri á floti í sjónum, sem unnt væri að bjarga, en ekki gætti hann þó að því á klukku, hve lengi hann dvaldi þannig á árekstrarsvæðinu og aðgætti ekki neitt klukku, þannig að hann gæti skýrt nákvæmlega frá tíma í sambandi við þetta ferðalag nema er hann kom á móts við Eiði og er hann kom að Ofanleiti, eftir að hann kom í land um kvöldið eins og framau greinir og samkv. framburði þeirra Sigurjóns Árnasonar og Kjartans Ólafssonar, bifreiðarstjóra, sem ók með ákærðan að Ofanleiti og sem báðir hafa verið yfirheyrðir sem vitni í málinu, virðist framburður ákærðs um hvenær hann kom þangað, muni vera réttur eða nærri hinu rétta, en ákærður virðist þó samkv. framburði nefndra vitna, hafa komið jafnvel heldur seinna að Ofanleiti, en hann hefir haldið fram, en samkv. framburði nefnds Kjartans Ólafssonar, er ekki nema 5 mínútna akstur að Ofanleiti.

Síðast í prófum málsins, ber ákærður, að hann gæti ekki fullyrt neitt um hve lengi hann hafi verið á árekstrarstaðnum, en kveður sér hafa virzt það vera allt að eða um klukkutíma.

Vitnið Guðni Marius Finnbogason, hefir borið, að hann hafi ekki gætt á klukkuna um það leyti að áreksturinn varð og kveðst ekki geta borið með neinni vissu, hve lengi Veiga hafi verið á árekstrarsvæðinu, eftir áreksturinn, en kveður hana hafa verið þar nokkra stund og hafi sér virzt það vera svo lengi, að það mundi vera hátt upp í klukkutíma.

Vitnið Ísak Árnason, kveðst ekki geta sagt um, hve lengi Veiga hélt sig á árekstrarsvæðinu eftir áreksturinn en gerir ráð fyrir að það hafi „jafnvel verið upp undir klukkutíma“.

Aðrir af skipshöfninni á Veigu hafa ekki borið neitt um þetta.

Ákærður, Willum Jörgen Andersen, hefir borið, að Veiga hafi farið fram hjá v/b. Herjólfí á leiðinni í land eftir áreksturinn, — suður af Klettsnefi, en eftir því, sem upplýst er í málinu, stansaði v/b. Herjólfur ekki neitt á

árekstrarsvæðinu, né annarsstaðar á leiðinni í land eftir það, við umrætt tækifæri. En Herjólfur fór samkv. framburði ákærðs Willum Jörgens o. fl. af skipshöfn þess báts, með hægri ferð, eða aðeins með um $\frac{1}{4}$ hluta ferðar eftir framburði ákærðs Willums J. og gerir hann ráð fyrir, að Veiga hafi verið um stundarfjórðung á sveimi á árekstrarsvæðinu, eftir áreksturinn.

Vitnið Pétur Guðmundsson, hefir borið að Veiga hafi farið fram fyrir Herjólf á leiðinni í land, um 10 mínútum eftir að vitnað sá manninn í sjónum, eins og að framan greinir, og kveður hann hafa liðið um $\frac{1}{2}$ klst., frá því hann sá manninn í sjónum og þar til v/b. Herjólfur kom að bryggju, en þá var Veiga komin þangað á undan Herjólf.

Vitnið Jóhannes Sigfússon, háseti á v/b. Herjólf, hefir borið að v/b. Veiga hafi verið komin á undan Herjólf að bryggju, en hefir ekki getað borið nánar um ferðalag Veigu né hve lengi hún hafi dvalið á árekstrarsvæðinu.

Vitnið Guðjón Karlsson, vélamaður á v/b. Herjólf, hefir borið að v/b. Veiga hafi farið fram hjá Herjólf á leið til lands, eftir áreksturinn á móts við Klettsnef og hafi verið komin á undan þeim inn á höfnina og kveðst hann gera ráð fyrir, að liðið hafi um stundarfjórðungur frá því hann varð var við Veigu og v/b. Brimil, rétt á undan árekstrinum og þar til Veiga fór fram fyrir Herjólf á leiðinni til lands, eftir áreksturinn, en vitni þetta kveðst þó ekki geta fullyrt neitt um þetta. Vitni þetta kveður Herjólf hafa farið með um $\frac{2}{3}$ hlutum fullrar ferðar og hafi komið að landi (bryggju) um kl. 11,45 að kvöldi.

Það hefir ekki komið fram í framburði ákærðs Finnboga Finnbogasonar eða annara af skipshöfn Veigu, hvort Veiga hafi farið fram fyrir Herjólf á leiðinni til lands eftir áreksturinn, en framangreindir framburðir ákærðs Willum J. Andersen og framangreindra vitna af Herjólf um þetta hafa ekki verið véfengdir þó ákærðum Finnboga Finnbogasyni hafi verið bent á þá og þykir mega leggja þá til grundvallar, að því er þetta atriði snertir að telja sann- að að Veiga hafi farið fram fyrir Herjólf á leiðinni til lands eftir áreksturinn á þeim stað, er framangreindir menn hafa borið og orðið á undan Herjólf til lands, en samkv. framburði ákærðs Finnboga er aðeins 10 til 15 mínútna

ferð á vélbát frá árekstrarsvæðinu að bryggju hér í höfninni.

Samkvæmt því, sem þannig er upplýst í málinu, verður því að álitni réttarins að telja sannað, að „Veiga“ hafi dvalið aðeins skamma stund á árekstrarstaðnum, varla lengur en um stundarfjórðung og líklega skemur og þó svo kunni að vera, að ákærðum hafi á meðan hann dvaldi á árekstrarstaðnum eða er hann lagði af stað þaðan, — vírst tími sá er hann dvaldi þar lengri en hann var í raun og veru, sem er sennilegt, að honum hafi fundizt, þá virðist ákærðum hljóta að hafa orðið ljóst, er hann fór fram hjá „Herjólfri“ á leiðinni í land eftir áreksturinn (og varð á undan honum til lands), sem ganga verður út frá eftir því sem upplýst er í málinu, að hann hafi orðið var við, — að um aðeins skamma stund hafi verið að ræða er hann dvaldi á árekstrarstaðnum. Og að sjálfsögðu hefði ákærður átt að gæta á klukku til þess að geta vitað með vissu um, hvort hann væri svo lengi á árekstrarstaðnum, sem von gæti verið um að maður sá eða menn, sem á „Brimli“ hefðu verið, kynnu að vera á lífi eða mögulegt að lifga þá ef þeir fyndust.

En að álitni réttarins verður að telja, að von hafi verið um slíkt lengur en þá skömmu stund, sem ákærður dvaldi á árekstrarstaðnum, eða að minnsta kosti um kl.tíma eða jafnvel lengur. Ákærður hefir því eigi gert allt, sem unnt var og skylt að gera (eða reyna) til björgunar við umrætt tækifæri og hefir hann með því að álitni réttarins brotið gegn ákvæði 201. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærður Willum Jörgen Andersen, sem var skipstjóri á v. b. Herjólfri, V. E. 276 á framangreindum tíma og sigldi hann á nefndum bát skammt á eftir v. b. Veigu, áður en áreksturinn varð og fór fram hjá Veigu, rétt eftir áreksturinn, er Veiga var að snúa við eða rétt aðeins búin að snúa við.

Að framan er lýst framburði vitnisins Péturs Guðmundssonar, viðvikjandi því, er hann kveðst hafa séð mann í sjónum og heyrt til hans og sagt ákærðum (W. J. A.) frá því og hefir ákærður viðurkennt, að það væri rétt (það er að vitnið hafi sagt honum frá þessu). En ákærður kveðst ekki sjálfur hafa séð neinn mann á floti í sjónum, enda virðist hann ekki hafa gætt neitt sérstaklega að því

og eins og að framan er dregið á, hélt ákærður leiðar sinnar á framangreindu skipi sínu, án þess að stansa nokkuð, þar sem maðurinn hafði sézt í sjónum eða gera nokkrar ráðstafanir eða tilraunir til björgunar, annað en það að hann kveðst hafa kallað til v. b. Veigu.

Hvort sem talið verður fullsannað að maður hafi verið á floti í sjónum við umrætt tækifæri eða ekki, hafði ákærður þó eftir að P. G. hafði sagt honum frá framangreindu og þar eð hann vissi, að v/b. Brimill var sokkinn, — fyllstu ástæðu til að ætla að svo væri og jafnvel að svo kynni að vera ástætt um fleiri menn en einn, þ. e. hann vissi ekki hve margir kynnu að hafa verið í bátnum og hafði hann því að áliti réttarins, fyllstu ástæðu til að gera allar ráðstafanir er mögulegar voru til bjargar.

Í framburði sínum í málinu kveður ákærður sér hafa komið til hugar, að stansa eða snúa við, er honum hafði verið sagt frá því, að maður væri á floti í sjónum, en kveðst ekki hafa gert það vegna þess, að han hafi ekki getað snúið til stjórnborða, vegna þess hve nærri klettunum hann hafi verið en með því að snúa til bakborða, hefði hann aðeins farið sömu leið (til leitar) og v/b. Veiga hafi þá þegar farið, er hún sneri við svo og að Veiga hafi verið svo nærri, að ef til vill hefði Herjólfur rekizt á hana ef beygt hefði verið til bakborða. Þá kveður hann og vélina í v/b. Herjólfí ekki hafa verið í góðu lagi, að hann hafi álitið, eftir því hvernig heyrðist í henni og hann því ekki þorað, að beita vélinni mikið og kveðst hann ekki hafa farið í fiskiróður daginn eftir vegna þess og hafi þá verið gert við eitthvað, sem verið hafi að bullunum (stimplunum) í vélinni, en annað virðist ekki hafa verið að vélinni. Þá hefir talsmaður ákærða í málinu og fært fram í vörn sinni í málinu, ákærðum Willum Jörgen til afsökunar, að bátur hans hafi verið mjög hlaðinn fiski við umrætt tækifæri og því örðugt og jafnvel hættulegt, að stansa eða snúa við, einkum þar eð veður hafi verið slæmt og sjór mikill í Faxasundi, þar sem talsmaður hinna ákærðu telur slysið hafa viljað til.

Að því er snertir framangreindar varnarástæður, er talsmaður ákærðra hefir fært fram, án þess ákærður Willum Jörgen hafi fært þær fram sérstaklega í framburði sínum í málinu, þá sést af öllu því, sem upplýst er í málinu,

að umrætt slys hefir viljað til, tiltölulega langt frá Faxasundi og er því sú staðhæfing talsmannsins að slysið hafi viljað til í Faxasundi (eða maðurinn sést á floti þar), ber-sýnilega röng eftir því sem upplýst er í málinu. Þá þykir og að áliti réttarins eigi geta haft neina þýðingu ákærðum til málsbóta eða sýknu, þó skip hans hafi verið mikið hlaðið af fiski, eins og það virðist hafa verið samkvæmt fram-burði ákærðs Willums og vitna, — þar eð auðvelt hlýtur að hafa verið að kasta útbyrðis nægilega miklu af fiski til þess að létta bátinn, nægjanlega. Að áliti réttarins virðist varla hafa verið um hættu á árekstri við Veigu að ræða, þó v/b. Herjólfur hefði snúið til bakborða, eða stansað strax er ákærðum var sagt frá því, að maður væri á floti í sjónum og þó um slíka hættu hefði verið að ræða, ef stansað hefði verið eða snúið strax, þá getur það eigi haft neina þýðingu í málinu, því ákærðum bar samt að stansa eða snúa við svo fljótt sem unnt var, og reyna að koma til bjargar hinum drukknandi manni, þó það hefði eigi verið unnt þegar í stað er tilefni varð til þess.

Vitnið Guðjón Karlsson (vélamaður á v/b. Herjólf) hefir borið að „hálf gert ólag“ hafi verið á vélinni í Herjólfvi við umrætt tækifæri, — hvítmálmurinn hafi verið dreginn til í legunum, sem hafi verið byrjun að svo nefndri „úrbræðslu“ og hafi verið gert við þetta daginn eftir og báturinn ekki farið í fiskróður þann dag, vegna þeirrar viðgerðar, en samkv. framburði vitnis þessa virðist það ekki telja bilun þessa hættulega, ef varlega sé farið, þ. e. ekki farin mikil ferð. Vitnið Óskar Sigurhansson hefir borið, að hann hafi, (ásamt fleirum) skipt um legur í vélinni í v/b. Herjólfvi. Því hvítmálmurinn hafi verið nokkuð dreginn til, og kveðst hafa prófað vélina áður en aðgerðin fór fram og hafi vélin „lamið“ óeðlilega. Er vitni þetta var yfirheyrð um þetta í rétti, kvaðst það ekki muna nákvæmlega hvenær viðgerð þessi hafi farið fram, en það hafi verið í aprilmánuði f. á. og í „dagskýrslu“, sem vitnið sýndi í réttinum samskonar og vitnið kveður yfirleitt vera haldnar á verkstæði því er það vann á, er viðgerð þessi talin hafa farið fram þann 23. apríl f. á., daginn eftir að umrætt slys vildi til.

Samkvæmt framangreindum upplýsingum, sem fram hafa komið í málinu viðvikjandi bilun í v/b. Herjólfvi, virð-

ist ekki hafa verið um neina bilun að ræða, sem hættuleg gæti talizt með gætilegri meðferð, eða sem ástæða hafi verið til að ætla, að væri hættuleg, enda minntist ákærður ekkert á vélarbilun þessa, fyrst er hann var yfirheyrður í máli þessu, þó að hann gerði þá að öðru leyti grein fyrir ástæðum þeim, er hann telur vera fyrir því að hann sneri ekki við eða stansaði. Sjór og vindur virðist eftir því, sem upplýst er í málinu, ekki hafa verið mikill við umrætt tækifæri og verður eigi talin ástæða til að álita, að ákærður (W. J. A.), hefði stofnað lífi sínu eða heilbrigði sínu eða manna sinna í neinn háska, þó hann hefði stansað eitthvað á árekstrarsvæðinu, til að reyna að bjarga hinum drukknandi manni, einkum með tilliti til þess, að annar bátur, sem virtist hafa verið í góðu lagi að öllu leyti, var þar og gat komið til hjálpar ef bilun vélarinnar í Herjólfri hefði reynzt alvarleg. Og þó að v/b. Veiga væri þegar snúin við og ætlaði sýnilega að dvelja eitthvað á árekstrarsvæðinu, til þess að reyna að bjarga, verður að áliti réttarins, að telja, að ákærðum Willum hafi samt borið að gera sitt ýtrasta til að reyna að bjarga manni þeim, sem sást í sjónum, frá hans skipi og sem því virðast hafa verið meiri möguleikar, að næðist frá þeim bát, heldur en frá v/b. Veigu og virðist í því sambandi, að eðlilegast hefði verið, að ákærður hefði, er honum hafði verið sagt frá því að maðurinn hefði sést í sjónum, mjög skammt frá skipi hans, skáhallt aftur undan því, — látið skip sitt fara aftur á bak, stefnu sem lægi nálægt, þar sem maðurinn hafði sést.

Þar eð ákærður Willum Jørgen Andersen, gerði ekkert til þess að reyna að bjarga framangreindum manni, verður því að áliti réttarins, að telja, að hann hafi brotið gegn ákvæði 201. gr. hegningarlaganna.

Ákærður, Finnbofi Finnbogason, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. maí 1891. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 15 daga einfalt fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún falla niður að 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa liðnum, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvember 1907, eru haldin.

Ákærður Willum Jørgen Andersen, er komin yfir lög-

aldur sakamanna, fæddur 30. september 1910. Hann var þann 16. maí 1933 sektaður um 25 kr. í lögreglurétti Vestmannaeyja fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot hér í umdæminu. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi. En fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð framangreindra laga frá 1907 eru haldin.

Þá ber og að dæma hina ákærðu til þess að greiða allan kostnað sakarinnar að hálfu hvorn, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns þeirra í málinu, Valdimars Stefánssonar, lögfr. er þykja hæfilega ákveðin 60.00 kr.

Björn P. Kalman, hrm., sem skipaður var talsmaður hinna ákærðu í máli þessu þann 20. marz s. l. hafði málskjölin og fresti í málinu til 14. júní s. l. án þess að skila vörn í því og án þess að gera grein fyrir þeim drætti og var því annar talsmaður skipaður þann 14. júní s. l. Að öðru leyti hefir enginn óþarfur dráttur orðið á málinu, en dómur hefir ekki verið kveðinn upp í því fyr en nú vegna anna dómaraþs.

Föstudaginn 13. marz 1936.

Nr. 131/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Alfred Cozier Fletcher

(Lárus Fjeldsted).

Landhelgisbrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 8. okt. 1935: Kærður, Alfred Cozier Fletcher, greiði 850 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.